



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 14.2 2018
Tilvísun: 201802-0025

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (brottfall kröfu um ríkisborgararétt) 35 mál.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl', is written in a cursive style.

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sætuíni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 15. febrúar 2018

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (brottfall kröfu um ríkisborgararétt). 148. löggjafarþing 2017-2018. Þingskjal 35 – 35. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent BHM til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 35. mál. Með frumvarpinu er lagt til að felld verði brott sú almenna krafa laganna um að ríkisstarfsmenn þurfi að hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt frá öðru EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum.

BHM gerir ekki athugasemd við framlagningu frumvarps þessa.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM



HÓLASKÓLI - Háskólinn á Hólum
551 Sauðárkrókur
s: 4556300
www.holar.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Háskólanum á Hólum, 21. febrúar, 2018.

Vegna: frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þingskjal 35 - 35. mál.

Háskólinn á Hólum fagnar framlögðu frumvarpi þess efnis að felld verði brott sú almenna krafa laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að þeir þurfi að hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt frá öðru EES- eða EFTA- ríki eða Færeyjum.

Fyrir hönd háskólans,


Erla Björk Örnólfsdóttir
rektor



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. febrúar 2018.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 35 — 35. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður frumvarp þetta og tekur undir þau sjónarmið er fram koma í greinargerð, þ.e. að 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins skipti útlendingum á Íslandi í tvo hópa þar sem annar hópurinn hafi sömu tækifæri og Íslendingar til að starfa hjá ríkinu en hinn ekki. Í greinargerðinni er enn fremur bent á að Ísland skeri sig úr meðal norrænna ríkja hvað ákvæðið varði, hvorki í Svíþjóð, Danmörku, Noregi né Finnlandi sé lengur að finna ákvæði sem þessi og að alls staðar séu störf hjá ríkinu aðgengileg þeim sem hafi tilskilin atvinnuleyfi.

Í ljósi þessa hvetur MRSÍ til að frumvarp þetta verði gert að lögum.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi, nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 21. febrúar 2018

Tilvísun: 2018020306HSP/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt)

Persónuvernd vísar til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 14. febrúar 2018, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (brottfall kröfu um ríkisborgararétt) (35. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018, þskj. 35).

Með frumvarpinu er lagt til að 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, falli brott, en í tilgreindu ákvæði er íslenskur ríkisborgararéttur gerður að skilyrði fyrir skipun eða ráðningu í starf. Þá segir að þó megi ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum til starfa með sömu kjörum og íslenska ríkisborgara. Einnig megi víkja frá þessu ákvæði þegar um er að ræða aðra erlenda ríkisborgara ef sérstaklega standi á.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Persónuverndar,


Þórhildur Sveinsson


Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Nefndasvið Alþingis

Egilsstöðum, 14. 02. 2018

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (brottfall kröfu um ríkisborgararétt). 35. mál.

Skógræktin tekur árlega á móti starfsmönnum frá ýmsum löndum og segja má að þeir séu starfsmenn ríkisins á meðan á dvöl þeirra stendur. Þeir eru a.m.k. á „gráu svæði“ gagnvart núgildandi lögum. Flestir eru frá EES löndum en það kemur fyrir að fólk með ríkisborgararétt utan þeirra komi til vinnu hjá Skógræktinni.

Hjá Skógræktinni eru nú fastráðnir fimm erlendir ríkisborgarar, allir frá EES löndum. Einn þeirra er breiti og gæti því orðið ólöglegur miðað við núgildandi lög, eftir því hvernig fer í tengslum við „brexit“.

Ákvæðið um að ríkisstarfsmenn skuli vera íslenskir ríkisborgarar gerir ríkið að annars flokks vinnuveitanda með því að útiloka að hægt verði að ráða hæft starfsfólk sem af tilviljun er frá einhverju tilteknu landi en ekki öðru.

Skógræktin mælir eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Viðingarfyllst



Þröstur Eysteinnsson
skógræktarstjóri